

**Fundur skólaráðs Grunnskólans í Þorlákshöfn
haldinn í skólanum 3. desember 2018 kl. 8.05**

Mættir: Þuríður Sigurrós Sigurðardóttir fulltrúi foreldra, Ingrún Vala Hlynsdóttir fulltrúi foreldra, Katrín Guðnadóttir fulltrúi starfsmanna skólans, Torfi Hjörvar Björnsson fulltrúi kennara, Helga Ósk Gunnsteinsdóttir 10. bekk, formaður nemendaráðs, Þrúður Sóley Guðnadóttir 10. bekk, varaformaður nemendaráðs, Ólína Þorleifsdóttir skólastjóri og Jónína Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Dagskrá

1. Skólanámskrá

Skólastjóri gerði grein fyrir skólanámskrá, bekkjarnámskrám og læsisstefnu sem finna má á heimasíðu skólans. Hugmynd kom fram um að senda öllum foreldrum póst með slóðum á þetta efni, til upplýsinga.

2. Handbók um skólaráð

Skólastjóri kynnti handbók um skólaráð sem send var til fundarmanna með fundarboði. Handbókina má finna á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga, slóðin er [https://www.samband.is/media/skolamal/Handbok-um-skolarad .pdf](https://www.samband.is/media/skolamal/Handbok-um-skolarad.pdf) Í handbókinni eru leiðbeiningar um störf skólaráðs s.s. helstu verkefni, starfsreglur o.fl. Ákveðið að bæta fimmta fundi við fundaráætlun skólaráðs í vetur og hafa þann fund opinn fyrir alla foreldra. Efni fundarins verður tengt sjálfsmati skólans.

3. Önnur mál

Skólastjóri sagði frá hugmynd um listakvöld skólans í vetur þar sem öllum bæjarbúum yrði boðið að upplifa afrakstur skapandi starfs sem stundað eru í skólanum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 8.45
Jónína Magnúsdóttir, fundarritari